

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

262. FUNDUR.

262. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 26. nóvember 2015 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir oddviti, Elín Jóna Rósinberg varaoddviti, Elín R. Líndal aðalmaður, Ingimar Sigurðsson aðalmaður, Gunnar Þorgeirsson aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir aðalmaður og Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri
Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Oddviti setti fund. Oddviti óskaði eftir að fá að taka á dagskrá sem 5. dagskrárlið lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. og að skýrsla sveitarstjóra verði 6. dagskrárliður. Samþykkt með 7 atkvæðum.

1. Fundargerð byggðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 889. fundar frá 23. nóvember sl. Fundargerð í 12 liðum.

Lögð fram vegna 2. dagskrárliðar eftirfarandi tillaga sviðsstjóra fjölskyldusviðs og skólastjórnum grunn- og leikskóla að breyttu rekstrarfyrirkomulagi grunn-og leikskóla að Borðeyri sem taki gildi 1. janúar nk.

1. Kennt verður 3 daga í viku á Borðeyri og 2 daga á Hvammstanga
 - a. Auglýst verður eftir kennara í 60 – 70% starf frá 2. janúar – 30. apríl 2016. Aðrir starfsmenn verð: leiðbeinandi í list- og verkgreinum í 4 klst. á viku, matráður, þrif og deildarstjóri leikskóla í samtals 1,2 stöðugildum
 - b. Ef ekki fæst kennari þá mun núverandi starfsfólk (leiðbeinandi í list- og verkgreinum, matráður og deildarstjóri) taka að sér skólastarfið (leik og grunnskóla) 3 daga í viku með stuðningi kennara (2 – 5 klst. á viku og handleiðslu kennara frá Hvammstanga).

Leikskóli verði lokaður á föstudögum (auk fimmtudaga eins og nú er).

Foreldrar geta sótt um heimadag einhverja föstudaga.

Frá og með næsta skólaári 2016 – 2017 verði ráðinn kennari við skólann í fullt starf sem taki að sér grunn- og leikskólanemendur saman 3 daga í viku. Áfram verða grunnskólanemendur keyrðir á Hvammstanga tvo daga í viku með möguleika á einhverjum heimdögum.

2. Að sveitarstjórn taki ákvörðun um að lágmarksfjöldi nemenda í grunnskóla verði 6 og gildir það frá upphafi skólaárs ár hvert. Ekki verði settur lágmarksfjöldi nemenda í leikskóla en hann starfi meðan grunnskóli starfi. Samkvæmt íbúaskrá í dag er skólahald þá tryggt næstu tvö skólaár 2016 – 2017 og 2017 – 2018 ef ekki verða breytingar á

barnafjölda.

Lögð fram eftirfarandi tillaga “Sveitarstjórn samþykkir tillögu sviðstjóra fjölskyldusviðs og skólastjórnenda grunn- og leikskóla varðandi rekstrarfyrirkomulag skólanna á Borðeyri. Vilji sveitarstjórnar Húnaþings vestra stendur til þess að halda áfram skólastarfi á Borðeyri en með áframhaldandi fækkun nemenda verður grundvöllur þess sífellt minni bæði ef horft er til kostnaðar en einnig ef hafðir eru í huga félagslegir hagsmunir nemenda. Miðað við óbreyttar forsendur og það viðmið um nemendafjölda sem lagt er til í tillögunni verður skólalald óbreytt á Borðeyri út skólaárið 2017/2018. Ef breytingar verða á nemendafjölda til þess tíma verður fyrirkomulag skólastarfs á Borðeyri endurskoðað. Að þeim tíma loknum verður metið hvernig skólalaldi verður best fyrirkomið í framhaldinu.” Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerðir ungmennaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 30. fundar frá 6. október sl. Fundargerð í 5 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 31. fundar frá 3. nóvember sl. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 165. fundar frá 18. nóvember sl. Fundargerð í 4 liðum. Borin fram eftirfarandi tillaga við 2. dagskrárlið” “Lagt fram bréf Sigrúnar Birnu Gunnarsdóttur, dags. 24. nóvember 2015, vegna afgreiðslu félagsmálaráðs frá 165. fundi nefndarinnar, á beiðni um endurupptöku ákvörðunar fjölskyldusviðs Húnaþings vestra, frá 13. október sl., varðandi umsókn Rakelar Jönu Arnfjörð um húsaleigubætur. Málinu er vísað til félagsmálaráðs á ný og því beint til ráðsins að taka umsóknina til efnislegrar afgreiðslu. Óskað er eftir að við afgreiðslu málsins taki ráðið rökstudda afstöðu til þeirra sjónarmiða sem umsækjandi hefur teft fram í málinu.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fjárhagsáætlun ársins 2016 ásamt 3ja ára áætlun fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og undirfyrirtæki. Síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu tillaga að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og undirfyrirtækja fyrir árið 2016 ásamt áætlun fyrir árin 2017-2019.

Lögð fram svohljóðandi tillaga“ Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða fjárhagsáætlun ársins 2016 ásamt 3ja ára áætlun fyrir árin 2017-2019 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og undirfyrirtæki“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Húnaþing vestra Fjárhagsáætlun 2016 Greinargerð

Gerð fjárhagsáætlunar 2016

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 hefur eins og undanfarin ár verið lögð áhersla á hagkvæmni í rekstri. Eins og á árinu 2015 eru fyrirhugaðar umtalsverðar framkvæmdir. Þessar framkvæmdir eru mögulegar vegna hagræðingaraðgerða undanfarinna ára sem hafa skilað þeim árangri að reksturinn er í ágætu jafnvægi, skuldir hafa lækkað og fjárhagsstaða sveitarfélagsins styrkst umtalsvert. Sem fyrr hefur samvinna á milli meirihluta og minnihluta sveitarstjórnar um áherslur við fjárhagsáætlunargerð verið afar góð.

Fjárhagsáætlanir einstakra deilda eru unnar í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana. Í áætlun ársins 2016 er áfram lögð áhersla á hagkvæmni í rekstri. Hitaveituf framkvæmdir í dreifbýli halda áfram en fyrsti áfangi sem unninn hefur verið á árinu 2015 hefur gengið vel. Vinna við skipulagningu og endanlega útfærslu næsta áfanga stendur nú yfir en á árinu 2016 verður lagt í hluta Víðidals.

Í samræmi við ákvæði fjármálareglna, sem gilda um rekstur sveitarfélaga, um skuldaviðmið og jafnvægi í rekstri er rekstrarniðurstaða fjárhagsáætlunar ársins 2016 fyrir samstæðu A- og B-hluta sveitarsjóðs jákvæð. Skuldahlutfallið er skv. áætlun 60,5% fyrir árið 2016 en má skv. ákvæðum fjármálareglna mest vera 150%. Fyrir árið 2015 var þetta viðmið áætlað 65,9%. Ánægjulegt er að skv. þriggja ára áætlun heldur skuldaviðmiðið áfram að lækka, árið 2017 er það áætlað 59,9%, 58,9% árið 2018 og 58,2% árið 2019.

Undanfarin ár hefur fjármagnskostnaður sveitarfélagsins lækkað umtalsvert þar sem engin lán voru tekin á árunum 2011-2014. Árið 2015 er tekið lán vegna framkvæmda við hitaveitu í dreifbýli, kr 50 millj. Í áætlun fyrir árið 2016 er ekki gert ráð fyrir lántökum heldur verði eldri lán greidd niður um 63,7 milljónir króna.

Á liðnum árum hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra almennt hækkað gjaldskrár í samræmi við verðlagsbreytingar og er sami háttur hafður á fyrir árið 2016. Þó skal nefnt að vistunargjald leikskóla hefur ekki verið hækkað frá árinu 2011.

Í fjárhagsáætlun ársins 2016 mun álagning fasteignagjalda vera óbreytt frá fyrra ári en vert er að taka fram að álagning fasteignagjalda í Húnaþingi vestra er lægri en í nágrennasveitarfélögunum.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur mikið upp úr stuðningi við íþrótt- og tómskundastarf barna. Það er meðal annars gert með myndarlegum styrkjum til USVH sem svo útteilir því fjármagni til íþróttafélaganna í sveitarfélaginu. Einnig er veittur frístundastyrkur eins og undanfarin ár fyrir hvert barn frá 6 ára aldri allt til 18 ára aldurs. Framboð íþróttagreina hjá íþróttafélögunum í sveitarfélaginu er gott og æfingagjöld lág. Sem dæmi má nefna að börn sem stunda íþróttir innan vébanda Umf. Kormáks greiða æfingagjald kr 10 þús pr. önn óháð fjölda íþróttagreina. M.a. er hægt að velja um fót- og körfubolta, blak, frjálssar íþróttir og fimleika. Hestamannafélagið Þytur er einnig með fjölbreytt og gott starf fyrir börn og ungmenni. Óhætt er að fullyrða að æfingagjöld íþróttafélaganna í Húnaþingi vestra eru með því lægsta sem gerist á landinu. Skiptir þar án efa styrkur sveitarfélagsins til félaganna, ekki bara fjárhagslegur heldur líka í formi afnota af íþróttamannvirkjum, miklu máli. Þá eru greiddir akstursstyrkir til foreldra í dreifbýli sem þurfa að keyra sérstaklega til að koma / sækja börn á æfingar.

Gjöld í Tónlistarskóla Húnaþings vestra eru sömuleiðis með þeim lægstu á landinu og einnig hafa ekki verið settar takmarkanir á nemendafjölda við tónlistarskólann eins og víða tíðkast. Úrval hljóðfæra í boði fyrir nemendur tónlistarskólans er einnig með allra besta móti.

Eins og undanfarin ár mun sveitarfélagið halda áfram að styðja myndarlega við dreifnám Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra m.a. með greiðslu á húsaleigu fyrir skólahúsnæðið og rekstur þess sem og kaupum á nauðsynlegum búnaði. Á árinu 2016 er gert ráð fyrir því að þessi styrkur nemi 7,2 milljónum króna.

Á árinu 2016 er áfram gert ráð fyrir talsverðum fjárfestingum og framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins. Stærsta fjárfestingarverkefni ársins 2016 er tvímælalaust annar áfangi hitaveituframkvæmda í dreifbýli og áframhaldandi lagning ljósleiðara samhliða, en útlit er fyrir að sú framkvæmd verði viðameiri en áður hafði verið gert ráð fyrir og hægt verði að ná til fleiri bæja en áætlað var. Auk annarra hefðbundinna viðhaldsframkvæmda skal einnig nefnt að fyrirhugað er að hefjast handa við fyrsta áfanga framkvæmda við útisvæði grunn- og leikskóla með endurbótum á göngubrú og svæði í kringum hana. Áfram verður unnið að endurbótum skólahúsnæðis Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga en m.a. er gert ráð fyrir uppsetningu á heimilisfræðistofu á árinu. Lokahönnun viðbyggingar við íþróttahús mun sömuleiðis fara fram á árinu en fyrirhugað er að hefjast handa við þá byggingu árið 2017. Á árinu 2016 er sömuleiðis fyrirhugað að festa kaup á vönduðu staðsetningartæki til hnitsetningar sem nýtist bæði við hitaveituframkvæmdir og aðrar verklegar framkvæmdir en ekki síður við hnitsetningu landamerkja sem fyrirhugað er að ráðast í á komandi árum í samvinnu við landeigendur. Er það afar brýnt verkefni.

Þessar framkvæmdir allar er hægt að ráðast í án lántöku vegna skynsemi í fjármálastjórn sveitarfélagsins undanfarin ár og hagstæðs skuldahlutfalls.

Húnaþing vestra veitir sem fyrr fjölmörgum félagasamtökum og menningarverkefnum styrki á árinu 2016 að fjárhæð alls 18,6 milljónir króna. Því til viðbótar eru greiddir styrkir til USVH, leikfélags, styrkir vegna fasteignagjalda og hitaveitu til félaga o.f.l. Að síðustu skal nefnt að í fjárhagsáætlun ársins 2016 er gert ráð fyrir að áfram verði fjármagni veitt í Framkvæmda- og nýsköpunarsjóð Húnaþings vestra sem stofnaður var árið 2014 og tvisvar hefur verið úthlutað úr. Sjóðnum er ætlað að styðja við frumkvöðla- og nýsköpunarstarf í sveitarfélaginu.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2016

Áætlunin er lögð fram með 1 millj. kr. tekjuafgangi. Áætlað er að fráveita, hitaveita og vatnsveita skili rekstarafgangi en önnur B-hluta fyrirtæki séu rekin með halla.

Tekjur samstæðunnar eru áætlaðar 1.315 millj. kr. en gjöld 1.280 millj. kr. án fjármagnsliða. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 34 millj. kr.

Handbært fé frá rekstri til greiðslu afborgana lána og til fjárfestinga er kr. 78,7 millj.

Hlutfall veltufjár frá rekstri er áætlað 6,1%

Áætlað er að afborgun langtímalána nemi kr. 63,8 millj. kr. á árinu 2016.

Handbært fé í árslok 2016 er áætlað kr. 120,8 millj. sem er lækkun um 60 millj. kr. frá ársbyrjun.

Gert er ráð fyrir hækkun á liðnum eigið fé um 1 millj. kr. frá afkomuspá ársins 2015.

Gert er ráð fyrir lækkun skulda og skuldbindinga um 39,5 millj. kr. frá afkomuspá ársins 2015.

Gert er ráð fyrir eignfærðri fjárfestingu á árinu 2016 upp á kr. 77,4 milljónir.

Í þriggja ára áætlun, árin 2017, 2018 og 2019, er gert ráð fyrir eignfærðri fjárfestingu samtals að upphæð kr. 314 millj. kr., aðallega vegna hitaveitu í dreifbýli, framkvæmda við vatns- og fráveitu sem og viðbyggingar við íþróttahús. Á árunum 2017, 2018 og 2019 er gert ráð fyrir lántökum samtals að upphæð 166 millj. kr. en á sama tíma verði á því tímabili sem áætlunin nær til greidd niður lán um 154 millj. kr.

Sveitarstjórn fagnar því að rekstur sveitarfélagsins leyfi áframhaldandi framkvæmdir til hagsbóta fyrir íbúa í Húnaþingi vestra. Þessar framkvæmdir eru aðeins mögulegar vegna ábyrgrar fjármálastjórnar og hagræðingar í rekstri undanfarin ár sem og niðurgreiðslu lána sem hefur lækkað vaxtabyrði sveitarfélagsins verulega.

Þrátt fyrir góða stöðu sveitarsjóðs er nauðsynlegt að fram komi að rekstur sveitarfélagsins er að þyngjast líkt og á við um nær öll sveitarfélög landsins. Sífelld erfiðara verður að uppfylla kröfur um að áætlanir sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu vegna aukins kostnaðar við nær alla málaflokka á meðan tekjur hafa ekki aukist í hlutfalli. Því er afar mikilvægt að halda áfram að sýna ráðdeild í rekstri, halda fyrirhugðum framkvæmdum áfram af skynsemi, lágmarka lántökur og halda áfram að greiða niður skuldir.

5. **Lántaka frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.** Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:
„Sveitarstjórn Húnaþings Vestra samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 50.000.000 kr. til 10 ára, í samræmi við samþykkt skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið vegna hitaveituf framkvæmda. Jafnframt er Guðnýju Hrund Karlsdóttur, sveitarstjóra kt. 220571-3869 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Húnaþings vestra að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Lántaka þessi er í samræmi við lántökuheimild í fjárhagsáætlun Húnaþings vestra á árinu 2015.“
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
6. **Skýrsla sveitarstjóra**
Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl.15:55

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Elín R. Líndal

Valdimar Gunnlaugsson.

Gunnar Þorgeirsson

Guðrún Ragnarsdóttir
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri